

Saga Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar

Haustið 2007 fór í gang þróunarverkefni um starfsendurhæfingu í Hafnarfirði. Það fólst í því að yfirfæra hugmyndafræði og aðferðir Starfsendurhæfingar Norðurlands til Hafnarfjarðar. Verkefnið var stutt af Leonardo-starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Í kjölfarið var síðan ráðist í að stofna Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, sjálfseignarfélag, byggt á grunni þessa verkefnis.

Stofnendur voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkraþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf.

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hóf starfsemi í september 2008.

Fyrir hverja er starfsendurhæfing?

Þátttaka hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til vinnu á ný. Þeir fá aðstoð og stuðning í endurhæfingunni til þess að taka frumkvæði, vinna að markmiðum sínum og bæta stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Þeir vinna þar að því að efla sjálfa sig til líkama og sálar í samvinnu við aðra þátttakendur, auka þekkingu sína, bæta við sig námi og þjálfra starfshæfni.

Markmið endurhæfingarinnar:

- **Að þátttakendur komist í vinnu eða nám til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði**
- **Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist**
- **Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð**

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar



**Flatarhrauni 3
220 Hafnarfjörður**

**Sími:
527-0050**

Netfang:
postur@stendur.is
www.stendur.is

Hugmyndafræði

Unnið er að heildstæðri úrlausn mála með hverjum þátttakanda eftir því sem kostur er. Til þess eru meðal annars nýtt þau úrræði sem þegar eru til staðar í nærsamfélaginu svo sem í heilbrigðis-, félags-, og menntakerfinu. Góð samvinna milli ólíkra kerfa getur hámarkað árangur þjónustunnar sem þau veita. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á samstarf við alla sem geta lagt lóð sitt á vogarskálarnar til þess að þátttakendur nái árangri í endurhæfingunni og finni leiðir til þess að gera þær breytingar á lífi sínu sem þeir stefna að.

Ráðgjafar Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru tengiliðir milli þátttakanda og þess fagfólks í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hefur með málefni þeirra að gera og þeir eru áfram í sambandi við. Þátttakendur eru í viðtölum hjá ráðgjafa sínum eftir þörfum og fá stuðning, hvatningu og aðhald við að vinna að markmiðum sínum.

Áhersla er lögð á virkni þátttakanda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin velferð

Endurhæfingin

Frá upphafi tengist hver þátttakandi ákveðnum hópi jafnhliða því sem hann vinnur að eigin markmiðum í samvinnu við þá fagaðila sem hann þarf á að halda.

Reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins þátttakanda eftir því sem kostur er. Þeim er hjálpað að átta sig á eigin stöðu, vinnugetu, námsþörfum og möguleikum. Haldin eru ýmis grunnnámskeið og kostur gefst á námstengdri endurhæfingu.

Starfsþjálfun á vinnumarkaði er einn hluti endurhæfingarinnar. Þar hafa þátttakendur tækifæri til þess að láta reyna á vinnufærni sína og vinnuþrek eða reyna sig á nýjum starfsvettvangi.

Dæmi um aðra þjónustu sem veitt er:

- Aðstoð við atvinnuleit
- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjuþjálfun
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf sjúkraþjálfara
- Sálfræðiviðtöl

Endurhæfingartími

Endurhæfingin er annaskipt og getur staðið frá þremur mánuðum upp í þrjár annir. Þátttakendur fara ekki allir sömu leið eða á sama hraða og eru misjafnlega lengi í endurhæfingu. Þeir geta hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem þeir eru tilbúnir til.

Þátttakendur eiga kost á eftirfylgd að lokinni endurhæfingu.

Þeir sem óska eftir því að taka þátt í atvinnutengdri endurhæfingu hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar eða vilja vísa einhverjum þangað geta sótt umsóknareyðublöð og tilvísunareyðublöð á heimasíðuna:

www.stendur.is